

Kynnist Panya



# Fylgja Jesú í Taílandi

## Hvernig Panya fylgir Jesú

Panya býður frænda sínum að koma í kirkju með sér. Þegar hann kemur, hjálpar Panya honum að finnast hann velkominn. Hún kynnir hann fyrir hinum börnunum í Barnafélaginu og hjálpar honum að eignast vini.

Heima hjálpar Panya með því að hreinsa nestisboxið og skóna sína. „Ég skemmti mér vel við að hjálpa,“ segir Panya. Hún býr með frænku sinni og ömmu og elskar að hjálpa þeim. Hún býr um rúmið á hverjum morgni.

Mamma Panya lést fyrir ekki löngu síðan. Þegar Panya saknar mömmu sinnar, hjálpar frænka hennar henni að biðja til himnesks föður. Hún finnur fyrir elsku þegar hún hefur beðist fyrir. „Þegar ég biðst fyrir, finnst mér eins og Jesús sé hjá mér,“ segir hún. ●



Panya með ömmu sinni og frænku.

### Þið getið líka fylgt Jesú!

Hvað hafið þið gert til að fylgja Jesú? Skrifnið og látið okkur vita! Skoðið aftanverða kápusíðu til að sjá hvernig.



สวัสดี!



## Um Panya

**ALDUR:** 7 ára

**FRÁ:** Nonthaburi, Taílandi

**TUNGUMÁL:** Taílenska

**MARKMIÐ:** Verða innanhússhönnuður og skreyta herbergi í húsum og byggingum

**ÁHUGAMÁL:** Dansa, hjóla, læra á píanó, synda, lesa og tækwondo

**FJÖLSKYLDA:** Panya, frænka og amma

## Það sem er í upphaldi hjá Panya

**SAGA UM JESÚ:** Þegar hann var skírður (sjá Matteus 3:13–17)

**HÁTÍÐ EÐA FJÖLSKYLDUHEFÐ:** Jólin og fjölskylduferðalög

**ÁVÖXTUR OG GRÆNMETI:** Græn vínber og gúrkur

**LITUR:** Fjólublár

**BARNAFÉLAGSLAG:** „Musterið,“  
(Barnasöngbókin, 99)